

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 467 23. ágúst 1982 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. reglugerð nr. 540 10. september 1982, reglugerð nr. 66 28. febrúar 1983 og reglugerð nr. 69 1. mars 1983 um breyting á henni.

1. gr.

Tollskrárnúmer 70.13.00 í B-lið 1. gr. reglugerðarinnar, verði 70.13.01 og 70.13.09.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 1. júlí 1983.*

F. h. r.

**Þorsteinn Pétursson.**

*Sigurgeir A. Jónsson.*

## REGLUGERÐ

um búfjárhald í Garðabæ.

1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að stemma stigu við óhóflegu búfjárhaldi í Garðabæ og að tryggja að fyllstu hollustuhátta verði gætt við búfjárhald.

2. gr.

Búfjárhald (nautgripa-, hrossa-, svína-, geita-, fiðurfjár-, sauðfjár- og alifuglahald) er óheimilt í Garðabæ nema með sérstöku leyfi bæjarráðs. Reidhestahald samkvæmt reglum er hestamannafélög í Garðabæ setja og bæjarráð samþykkir, er þó undanþegið reglugerð þessari sbr. lög nr. 44/1964. Undanþegnir reglugerð þessari eru ábúendur jarða í Garðahverfi á Alftanesi.

3. gr.

Sá, sem hyggst sækja leyfi samkvæmt 2. gr., skal senda umsókn um það til bæjarráðs. Í umsókn skal gera grein fyrir tegund og fjölda búfjárins, sem óskað er leyfi fyrir, húsakosti, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru er máli kann að skipta. Allir þeir, sem eru með búfé við gildistöku þessarar reglugerðar, skulu sækja um leyfi skv. 1. gr. innan 3 mánaða frá gildistöku hennar, en að þeim tíma liðnum skal búfé, sem haldið er án heimildar, meðhöndlað samkv. 6. gr.